



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

---

### ***Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um snjalljósastýringu umferðarljósa***

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. september 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að gerðar verði úrbætur á stýringu umferðarljósa í Reykjavík í því skyni að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun í borginni. Leitast verði við að nýta kosti tiltækra tölvutækni betur en nú er gert til að ná þessum markmiðum. Það verði m.a. gert með aukinni notkun snjalltækni, sem stýrir viðkomandi umferðarljósum í þágu umferðaröryggis og -flæðis gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda. Gervigreind verði notuð til að besta stýringuna út frá gögnum, sem aflað verði með skynjurum á umferðarljósum. Í þessari vinnu verði hafður til hliðsjónar árangur þeirra borga á Norðurlöndunum og fleiri nágrannaríkjum, sem hafa náð góðum árangri við að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun með slíkri snjalltækni.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 20. september 2023.

Umsögn:

Á stofnvegum höfuðborgarsvæðisins er í núverandi kerfi notast við sjálfsvirka stýringu sem kallast TASS (e. *Traffic-Actuated Selection of Signal programs*). Helsti ávinningur þess kerfis er að það velur ljósastillingar út frá umferðarmagni hverju sinni fyrir hvert TASS svæði. Í skýrslu sem ráðgjafafyrirtækið Sweco gerði um úttekt á umferðarljósakerfinu á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að Reykjavík sé í fremstu röð varðandi umferðarstýringu miðað við samanburðarborgir. Skýrslan bendir einnig á að hátæknileg kerfi geta orðið þung í vöfum og óskilvirk ef þeim er beitt á of stór svæði og að auki kalla slík kerfi á aukid tæknilegt viðhald og hætta er á að slík kerfi verði verri en hefðbundin umferðarljósastýring ef aukin aðföng fylgja ekki slíkum kerfum.

Skýslan var kynnt og lögð fram á fundi skipulags- og samgönguráðs 2. desember 2020. Slóð á hana er hér: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umferdarljostasastyringar\\_a\\_hofudborgarsvaedinu\\_0.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umferdarljostasastyringar_a_hofudborgarsvaedinu_0.pdf)



Reykjavíkurborg

Á vefsíðu sem tekur saman helstu upplýsingar um umferðarljósastýringu höfuðborgarsvæðisins má sjá m.a. hvernig TASS svæðin eru og fleiri upplýsingar: <https://reykjavik.is/Umferdarljós>

Nú þegar er í gangi vinna við endurskoðun á ljósastýringu á helstu gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi með Vegagerðinni og hinum sveitarfélögum, með það að markmiði að auka umferðaröryggi og draga úr biðtíma fyrir alla ferðamáta.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*